fyrir þau verkefni sem þegar eru hafin við gildistöku samningsins.

The Agreement shall also cover Projects that have already been initiated at the entry into force of the Agreement.

Gjört í Windhoek 28. janúar 1991 í tvíriti á ensku.

Done at Windhoek on the 28th of January 1991 in the English language in duplicate.

Fyrir ríkisstjórn lýðveldisins Íslands

Benedikt Ásgeirsson

Fyrir ríkisstjórn lýðveldisins Namibíu

Z. Ngavirire

For the Government of the Republic of Iceland
Benedikt Ásgeirsson

For the Government of the Republic of Namibia
Z. Ngavirire

23. apríl 1991 Nr. 14

AUGLÝSING

um samning við Frakkland um samstarfsverkefni á sviði kvikmyndagerðar.

Samningur milli ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar lýðveldisins Frakklands um samstarfsverkefni á sviði kvikmyndagerðar, sem undirritaður var í Reykjavík 29. ágúst 1990, öðlast gildi 1. júní 1991.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 23. apríl 1991.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
milli ríkisstjórnar Lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar Lýðveldisins Frakklands um samstarfsverkefni á sviði kvikmyndagerðar

RÍKISSTJÓRN LÝÐVELDISINS ÍSLANDS

og

RÍKISSTJÓRN LÝÐVELDISINS FRAKKLANDS

hafa áhuga á að stuðla að samstarfi landanna að gerð kvikmyndaverka, sem vegna listrænna eiginleika sinna og tæknilegra auki hróður þeirra, sem og á að efla skipti landanna á kvikmyndaverkum, og hafa því komist að samkomulagi um það sem hér greinir:

I – Samstarfsverkefni.

1. gr.

Kvikmyndaverk, sem unnin eru í samvinnu landanna og samþykkt er að falli undir samning þennan, skulu af hálfu yfirvalda beggja landa talin innlend kvikmyndaverk, í samræmi við þau ákvæði laga og reglugerða sem við eiga í löndum þeirra.

Kvikmyndaverk þessi skulu njóta í einu og öllu allra þeirra forréttinda sem innlend kvikmyndaverk njóta, samkvæmt núgildandi lögum svo og þeim er síðar kunna að verða sett í hvoru landi fyrir sig.

Slík samstarfsverkefni landanna um kvikmyndagerð skulu hljóta samþykki yfirvalda í báðum löndunum, að höfðu samráði þeirra í milli.

Samþykki fyrir Frakklands hönd veitir:
Centre National de la Cinématographie
Samþykki fyrir Íslands hönd veitir:
Kvikmyndasjóður Íslands

2. gr.

Til þess að samstarfsverkefni um kvikmyndagerð fái notið kosta þessa samnings skulu standa að því framleiðendur sem hafa yfir að ráða góðu tæknilegu skipulagi og fjármálastjórn og hafa staðfesta reynslu í faginu.

3. gr.

Umsóknir af hálfu framleiðanda í báðum löndunum um að fá að njóta kosta samnings þessa skulu taka mið af ákvæðum um formsatriði umsókna, sem gert er ráð fyrir í viðauka við samninginn. Viðauki þessi telst vera hluti samningsins.

Samþykki, sem veitt er tilteknu samstarfsverkefni um kvikmyndagerð af hálfu til þess bærra yfirvalda í hvoru tveggja landanna, skal ekki bundið því að fram sé lagt sýnishorn úr téðu kvikmyndaverki.

Þegar til þess bær yfirvöld í löndunum báðum hafa veitt samþykki sitt til samstarfs um framleiðslu tiltekins kvikmyndaverks, verður slíkt samþykki ekki aftur tekið, nema að samkomulag sé um það af hálfu hvorra tveggju téðra yfirvalda.

4. gr.

Hlutfallslegt framlag framleiðenda landanna tveggja til samstarfsverkefnis um framleiðslu kvikmyndar getur verið á bilinu 20 til 80%.

Almennt er stefnt að sem mestu jafnvægi milli framlags beggja landanna að því er varðar hvort tveggja bein framlög og veitta þjónustu svo sem þátttöku listamanna og tæknimanna.

Kvikmyndaverkin skulu gerð af leikstjórum, tæknimönnum og leikurum, sem annaðhvort eru franskir að þjóðerni eða hafa fast aðsetur í Frakklandi, ellegar íslenskir að þjóðerni eða hafa fast aðsetur á Íslandi, eða í þriðja lagi þegnar einhvers Evrópubandalagslandanna eða búsettir í einhverju þeirra.

Þátttöku leikara, sem ekki er af neinu því þjóðerni sem skilgreint er í málsgreininni hér að ofan, má samþykkja, með tilliti til þess hvaða kröfur kvikmyndaverkið gerir, séu til þess bær yfirvöld í löndunum báðum ásátt um það.

5. gr.

Vinnu við kvikmyndatökur í upptökusal, hljóðupptökur og framköllun skal inna af hendi með hliðsjón af eftirfarandi ákvæðum:

Kvikmyndatökur í upptökusal skulu að öðru jöfnu eiga sér stað í landi þess samstarfsaðilans, sem meirihluta á að samstarfinu, nema samstarfsaðilar semji um annað.

Hvor samstarfsaðili er, hvað sem öðru líður, meðeigandi að frumeintaki kvikmyndar og hljóðupptöku, hvar sem eintak þetta er varðveitt.

Hvor samstarfsaðili á, hvað sem öðru líður, rétt á millieintaki sér til handa. Ef annar samstarfsaðila afsalar sér þessum rétti skal millieintakið varðveitt á þeim stað er samstarfsaðilar koma sér saman um.

Að öðru jöfnu skal framkalla frumeintak í framköllunarstofu í landi því sem meirihluta á að samstarfsverkefninu, sem og gera þar önnur eintök sem ætluð eru til nýtingar í því landi, en eintök til nýtingar í landi því sem minnihluta á að framleiðslunni skulu gerð í framköllunarstofu í því landi.

6. gr.

Til þess bær yfirvöld í löndunum báðum skulu hafa reglulegt eftirlit með því hvort tryggt sé jafnvægi framlaga, bæði listrænna og tæknilegra, milli landanna tveggja, í samræmi við ákvæði samnings þessa og sé því ekki að heilsa skulu þau grípa til þeirra ráðstafana sem nauðsynlegar eru taldar.

7. gr.

Skipting tekna fer í grundvallaratriðum eftir hlutfalli heildarframlags hvors samstarfsaðila. Með fyrirvara um samþykki til þess bærra yfirvalda í löndunum báðum, getur skipting þessi átt við um allar tekjur, um tilteknar aðskildar tekjur hvors lands fyrir sig eða tekið mið af hvorum tveggja þessara aðferða.

Fjárhagslegar ráðstafanir sem samstarfsaðilar koma sér saman um, svo og tekjuskiptingarsvæði, eru háð samþykki til þess bærra yfirvalda í báðum löndunum.

8. gr.

Séu ekki andstæð ákvæði þar um í samstarfssamningnum, er útflutningur kvikmyndaverka, sem unnin eru í samvinnu landanna, tryggður af meirihluta aðila að samstarfinu með samþykki minnihlutaaðilans.

Að því er varðar kvikmyndaverk, sem báðir aðilar leggja jafnan hlut til, er útflutningur tryggður, séu ekki andstæð ákvæði þar um í samstarfssamningnum, af þeim samstarfsaðilanum sem er af sama þjóðerni og leikstjórinn. Sé um að ræða útflutning til lands sem setur skorður við innflutningi, skal kvikmyndaverkið, að því marki sem mögulegt er, skráð á kvóta þess landsins, sem er betur sett í þessu tilliti.

9. gr.

Skrá yfir hlutaðeigandi (kreditlistar), sýnishorn og kynningarefni þeirra kvikmyndaverka sem unnin eru í slíkri samvinnu skulu tilgreina að um samstarfsverkefni Frakka og Íslendinga hafi verið að ræða.

10. gr.

Á kvikmyndahátíðum og í samkeppni skulu kvikmyndaverk sem unnin eru í slíkri samvinnu kynnt sem framleiðsla þess lands sem er meirihlutaaðili að samstarfinu, nema samstarfsaðilar ákveði annað og til þess bær yfirvöld í löndunum báðum samþykki það.

11. gr.

Að því er samstarf að kvikmyndaverkum af stystu gerð varðar, skal vinna að hverju kvikmyndaverki með það fyrir augum að reyna að ná almennu jafnvægi á listrænu, tæknilegu og fjárhagslegu sviði.

12. gr.

Til þess bær yfirvöld í löndunum báðum skulu skoða jákvæðum huga sérhvert það tilvik er felur í sér samstarf um framleiðslu kvikmyndaverka milli Frakklands og Íslands og þeirra landa sem annað hvort ríkið er tengt samstarfssamningum.

13. gr.

Með fyrirvara um gildandi lög og reglugerðir, skulu hvers konar heimildir veittar fyrir ferðir og dvöl þess starfsliðs, listræns og tæknilegs, sem tekur þátt í samstarfsverkefnum um gerð kvikmynda, sem og til innflutnings til og útflutnings frá hvoru landi um sig á nauðsynlegum búnaði til gerðar verkanna og nýtingar þeirra (filmum, tækjakosti, búningum, hlutum leikmynda, kynningarefnis, o.s.frv.).

II – Skipti á kvikmyndaverum.

14. gr.

Með fyrirvara um gildandi lög og reglugerðir er innflutningur og útflutningur á eftirtökum kvikmyndaverka, sem gerð eru í hvoru landinu fyrir sig, ekki háð neinum takmörkunum af hálfu hins landsins.

Yfirfærsla tekna af sölu og nýtingu kvikmyndaverka, sem innflutt eru innan ramma samnings þessa, er gerð á grundvelli samninga milli framleiðenda í samræmi við gildandi lög og reglugerðir í hvoru landanna um sig.

III – Almenn ákvæði.

15. gr.

Til þess bær yfirvöld í báðum löndunum skulu skiptast á öllum upplýsingum um fjárhagsleg og tæknileg mál er varða samstarfsverkefni og skipti á kvikmyndaverkum milli landanna eða á þeim breytingum er verða á lögum eða reglugerðum er áhrif kunna að hafa á slíkt.

16. gr.

Til þess bær yfirvöld í ríkjunum báðum skulu, ef svo ber undir, kanna skilyrði fyrir umsóknum varðandi samning þennan til þess að leysa þau vandamál er upp kunna að koma við framkvæmd ákvæða hans. Þau skulu kanna æskilegar breytingar með það fyrir augum að efla samstarfið, til hagsbóta fyrir bæði löndin.

Þau skulu efna til funda, innan ramma samstarfsnefndar um kvikmyndamál, að beiðni annars hvors þeirra, einkum þegar um er að ræða mikilvægar breytingar á lögum eða reglugerðum er varða kvikmyndagerð.

17. gr.

Hvor aðili um sig skal tilkynna hinum þegar gengið hefur verið frá öllum nauðsynlegum formsatriðum varðandi gildistöku samningins en hann gengur í gildi fyrsta dag annars mánaðar frá móttöku síðustu tilkynningar þar um.

Samningurinn er gerður til tveggja ára frá og með gildistöku. Hann framlengist í tvö ár í senn, sjálfkrafa, nema annar hvor aðila segi honum upp þremur mánuðum áður en gildistíma hans lýkur.

Til staðfestingar á ofangreindu undirrita samning þennan neðangreindir aðilar, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna.

Gjört í Reykjavík, 29. ágúst 1990, í tveimur eintökum á íslensku og frönsku.

Fyrir hönd Lýðveldisins Íslands	Fyrir hönd Lýðveldisins Frakklands
Svavar Gestsson	Jack Lang

VIÐAUKI
Formsatriði varðandi umsóknir.

Til þess að njóta ákvæða samningsins, skulu framleiðendur í hvoru landinu fyrir sig, senda yfirvöldum í eigin landi umsókn um að fá að njóta kosta slíks samstarfs, einum mánuði fyrir töku, og láta fylgja eftirfarandi skjöl:

- Skjal um höfundarréttarleyfi fyrir fjárhagslegri nýtingu verksins;
- Nákvæmt handrit;
- Skrá um tæknilegt og listrænt framlag hvors lands fyrir sig;
- Nákvæma vinnu/fjárhagsáætlun og fjármögnunaráætlun;
- Vinnuáætlun fyrir kvikmyndaverkið;
- Samstarfssamning þann sem gerður hefur verið milli framleiðenda þeirra er að samstarfsverkefninu standa.

Til þess bær yfirvöld í því landinu sem leggur minna fé til samstarfsverkefnisins skulu ekki veita samþykki sitt til þess fyrr en þeim hefur borist tilkynning frá til þess bærum yfirvöldum í landi því er leggur stærri hlut til verkefnisins um að þau samþykki það.